

Ellefti fundur haldinn á Breiðabliki mánudaginn 24. september 2018 kl. 20:00

Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Endurskoðun á aðalskipulagi Eyja og Miklaholtshrepps. Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að endurskoðu aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps verði kynnt á vinnslustigi sbr. 2. Mgr. 30. Gr skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsráðgjafa er falið að undirbúa kynninguna í samstarfi við skipulags – og byggingarfulltrúa og sveitarstjóra með frágangi á taxa og uppdráttum og skipulagningu samráðs um tillöguna.
2. Gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla. Fyrirliggjandi drög samþykkt samhljóða.
3. Laugargerðisskóli – tónlistanáms. Oddviti og skólastjóri hafa verið í sambandi við tónlistaskóla Snæfellsbæjar til að fá kennara þaðan í Laugargerðisskóla. Þeirri vinnu er ekki lokið en vonir standa til að þetta verði að veruleika fljótlega.
4. Bréf frá lögmanni Klár ehf. Oddviti falið að svara bréfinu í samráði við lögmann.
5. Húsaleigusamningar vegna Laugargerðisskóla, 3 hæð. Lagður fram og oddviti falið að klára málið.
6. Fulltrúi Eyja og Miklaholtshrepps í fulltrúaráði FVA. Katrín Gísladóttir tilnefnd sem fulltrúi. Sigurbjörg Ottesen til vara.
7. Netföng hreppsnefndarmanna. Farið yfir málið.
8. Erindi frá Brákarhlíð vegna framlags árið 2019. Samþykkt samhljóða.
9. Fyrirspurn frá íbúa í sveitarfélaginu til sveitarstjórnar um styrk til tónlistanáms. Erindinu hafnað.
10. Tillaga vegagerðinnar að lækkun hámarkshraða við Vegamót. Tillaga vegagerðarinnar samþykkt samhljóða.

Lagt fram til kynningar.

11. Bréf og skýrsla um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt og æskulýðsstarfsemi frá menntamálaráðuneytinu.
12. Fundargerð 862 fundar sambandsins.
13. Opinber útgáfa fundargerðar 176. Fundar félagsm. Snæfellinga
14. Fundargerð 96. Fundar stjórnar FSS
15. Fundargerð aðalfundar FSS vegna rekstrarársins 2017
16. 138 og 139 fundargerð stjórnar SSV
17. Fundargerð Sorphirðunar Vesturlands frá 12.06.2018

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)